

30. nóvember 2007
SI-36667

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 12. nóvember 2007 óskaði viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um tillögu til þingsályktunar um skipan lánamála og sambærileg lánakjör einstaklinga hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum, 20. mál.

Samkvæmt tillögunni yrði viðskiptaráðherra falið að leita leiða til að koma skipan húsnæðislána og lána til neytenda í svipað horf og annars staðar á Norðurlöndum, með því að gangast fyrir afnámi verðtryggingar, tryggja samkeppni á lánamarkaði fyrir neytendur, sjá til þess að gjaldtaka lánastofnana verði svipuð og á Norðurlöndum og skoða hvers vegna lánakjör neytenda eru önnur á Íslandi en í grannlöndum.

Tillagan felur í sér afturhvarf til verðstýringar og takmarkana á samningsfrelsi á fjármálamarkaði, a.m.k. að því er varðar viðskipti við neytendur. Óljóst er hvort slíkar breytingar myndu samræmast alþjóðlegum skuldbindingum Íslendinga. Næði tillagan tilgangi sínum, að skapa sambærileg lánskjör og á Norðurlöndum, myndi hún við núverandi aðstæður vinna gegn viðleitni Seðlabankans til að halda aftur af eftirspurn, ekki síst á húsnæðismarkaði. Hins vegar gæti afnám verðtryggingar með lagaboði allt eins dregið verulega úr framboði lánsfjár til langs tíma og leitt til mun lakari lánskjara. Það gæti leitt til alvarlegs samdráttar á húsnæðismarkaði þegar síst skyldi. Bankinn telur því óráðlegt að tillagan hljóti brautargengi.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Eiríkur Guðnason
bankastjóri

Ingimundur Friðriksson
bankastjóri